



AÐALFUNDUR

Haldinn 29. apríl 2010

Ársskýrsla

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa	3
Dagskrá aðalfundar	3
Stjórn FNS	3
Stjórnarfundir	4
Meginviðfangsefni stjórnar	4
1. Dagur náms- og starfsráðgjafa	5
2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa	6
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna	6
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar	6
5. Kjara- og hagsmunamál	8
6. Félagatal og félagsaðild FNS	9
7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS	9
8. Styrkir til FNS	9
9. Norrænt samstarf	10
10. Umsagnir	10
11. Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga	10
12. Nokkur orð um SAENS	10
13. FNS-Norðurlandsdeild	11
14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa	12
15. Önnur verkefni	12
Lokaorð	13

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2010

Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Nefndastörf.
5. Umræður og afgreiðsla mála.
6. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
8. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Iðunni, Fræðslusetri við Skúlatún 29. apríl 2009. Á fundinum gaf formaður félagsins, Ágústa Elín Ingbórsdóttir, ekki kost á sér til endurkjörs.

Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, var kjörin formaður FNS. Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, var kosinn varaformaður. Eydís Katla Guðmundsdóttir, Vallaskóla, gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sem gjaldkeri. Edda Jóhannesdóttir, Iðunni-fræðslusetri, var áfram kjörin ritari. Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, gaf kost á sér áfram í stjórn og Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, og Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi, voru kosnir í varastjórn.

Stjórn FNS

Stjórn FNS var þannig skipuð síðastliðið starfsár:

Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, formaður
Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, varaformaður

Edda Jóhannesdóttir, Iðunni fræðslusetri, ritari
Eydís Katla Guðmundsdóttir, Vallaskóla, gjaldkeri
Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, meðstjórnandi

Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, varastjórn
Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi, varastjórn.

Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla, gaf kost á sér áfram til setu í fræðslunefnd, einnig Anna Harðardóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Erna Guðbjörg Árnadóttir, Flensborgarskóla í Hafnarfirði og Guðrún Erla Ingvadóttir, Fellaskóla. Sigrún García Thorarensen, Rimaskóla, kom ný inn í nefndina.

Endurskoðandi var kosinn Kristinn Freyr Kristinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gekk Ágústa Ingbórsdóttir formaður, Borgarholtsskóla, og Guðrún Þ. Björnsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík. Úr fræðslunefnd gekk Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Fjölbrautaskólanum

við Ármúla. Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Helga Eysteinsdóttir, Hringsjá, Jónína Kárdal, Námsráðgjöf HÍ og Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, gáfu kost á sér í siðanefnd.

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, Sigrún Garcia Thorarensen, Rimaskóla, Anna G. Hugadóttir, Fjölbrotaskólanum í Garðabæ, Guðrún S. Helgadoóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, Ingunn Margrét Ágústsdóttir, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun á Vestfjörðum og Eyrún Valsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, gáfu kost á sér í kjaranefnd félagsins.

Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, Ásta Bára Jónsdóttir, Flataskóla, Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir, Hjallaskóla, Ólafur Haraldsson, Fjölbrotaskóla Vesturlands, Akranesi, Herdís Zophaníasdóttir, Menntaskólanum á Akureyri, Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík, Jónína Kárdal, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Karen Björnsdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Lóa Hrönn Harðardóttir, Háskólanum í Reykjavík, Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, Ásta Kr. Ragnarsdóttir, Nema ehf. og Raket Hallgrímsdóttir, Mími-símenntun, gáfu kost á sér í fagråd fyrir skólastigin þrjú og atvinnulífið.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Arnar Þorsteinsson varaformaður, Fríður Reynisdóttir, meðstjórnandi, Eydís Katla Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Edda Jóhannesdóttir, ritari. Ketill Jósefsson og Ólafur Haraldsson voru kosnir í varastjórn. Ólafur Haraldsson í varastjórn tók og að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðuð á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni stjórnar

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar
2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa í höfn
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna
 - Leonardo mannaskiptaáætlun
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
5. Kjara- og hagsmunamál
6. Félagatal og félagsaðild FNS
7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
8. Styrkir til FNS
9. Norrænt samstarf
10. Umsagnir um námsefni
11. Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga
12. Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf
13. FNS - norðan heiða
14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar
 - Akademia
15. Önnur verkefni

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að

tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrir og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Anna G. Hugadóttir, FG og Guðrún S. Helgadóttir MK, í kjaranefnd FF.
2. Toby S. Herman, MR og Bifröst í sjúkrasjóði KÍ.
3. Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (**staðlaða menntunar- og starfshæfnimöppu**). **Europass** er í umsjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
4. Arnar Þorsteinsson, varaformaður FNS, í starfshópi **Euroguidance (Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar)**. **Euroguidance** er rekið af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
5. Guðrún Þ. Björnsdóttir, MR, í samstarfshópi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum á vegum Lýðheilsustöðvar (HOFF).
6. Ólöf Helga Þór, FB, fulltrúi FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa. Skýrsla Ólafar um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.
7. Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti, í samstarfshópi um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar og fleiri sveitarfélaga. Þessu verkefni lauk í mars 2010.
8. Ágústa E. Ingbórsdóttir, í samstarfshópi um brotthvarf úr skólakerfinu - átaksverkefni, stefna og rannsóknir (DROP-IN) á vegum Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, Námsflokka Reykjavíkur og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
9. Björg Kristjánsdóttir, formaður FNS, í samstarfshópi um evrópskt net náms- og starfsráðgjafar (European Lifelong Guidance Policy Network) á vegum menntamálaráðuneytisins.
10. Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Matsnefnd er skipuð þremur fulltrúum, einum frá Félagi náms- og starfsráðgjafa, Ágústu E. Ingbórsdóttur, einum tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið, Gísla Fannberg, og einum án tilnefningar, Ernu Árnadóttur og er hún jafnframt formaður nefndarinnar.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar, þann 20. október 2009, hélt FNS námsstefnu undir heitinu *Social contexts, issues, research questions and intervention in the domain of vocational counselling*.

Stjórn FNS og fræðslunefnd unnu að undirbúningi þessa dags og það er von þeirra sem þar starfa að Dagur náms- og starfsráðgjafar hafi orðið til þess að vekja enn frekar athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita.

Sjá nánar um Dag náms- og starfsráðgjafar frá fræðslunefnd á bls. 6.

Mannauður er dýrmætasta auðlind hvers þjóðfélags. Til að einstaklingar og atvinnulíf geti þrífist og vaxið þarf menntun og mannaúður að kallast á. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægt tæki til að aðstoða og hvetja fólk til að bæta stöðu sína hvað varðar nám og störf.

Grein birtist í Fréttablaðinu í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar 20. október 2009. Arnar Þorsteinsson, náms- og starfsráðgjafi í Ölduselsskóla, skrifaði greinina sem bar fyrirsögnina: Náms- og starfsráðgjöf fyrir alla.

2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Í mars 2009 lagði menntamálanefnd Alþingis fyrir frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa þar sem markmiðið var að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Frumvarpið var samþykkt einróma á Alþingi. Lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa mun efla enn frekar gæði og metnað í störfum náms- og starfsráðgjafa í landinu, nemendum og öðrum skjólstaðingum okkar til heilla.

Sjá slóð um lögin hér fyrir neðan:

[Lög um breytingu á lögum nr. 35/2009, um náms- og starfsráðgjafa](#)

Þann 12. desember síðastliðinn birtist grein eftir Ágústu Elínu Ingbórsdóttur í Morgunblaðinu sem bar yfirskriftina: *Fagleg náms- og starfsráðgjöf tryggð í sessi með nýjum lögum.*

3. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntunartækifæri félagsmanna. Samkvæmt lögum FNS er eitt af hlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Leonardo mannaskiptaáætlun er dæmi um sí- og endurmenntun sem hefur verið og mun verða í boði fyrir félagsmenn.

Leonardo mannaskiptaáætlun 2007-2009

Stjórn FNS sótti um styrk til mannaskipta á vegum Leonardo árið 2007 og var það tveggja ára verkefni. 8 náms- og starfsráðgjafar hlutu styrk til þriggja landa. Það voru sjö náms- og starfsráðgjafar sem þáðu styrkinn, fóru þeir utan á vormisseri 2009 og lauk þessu mannaskiptaverkefni í maílok 2009.

Ketill Jósefsson, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Jónína Kárdal höfðu umsjón með verkefninu fyrir hönd FNS.

4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Fræðsludagskrá FNS 2009-2010

22. maí: Námskeiðið *Að auka áhrif sín og árangur*

Félag náms- og starfsráðgjafa stóð fyrir heilsdagsnámskeiði á Hótel Flúðum. Leiðbeinandi var Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf. Yfirskrift námskeiðsins var *Að auka áhrif sín og árangur*, en markmið þess er að efla áhrifamátt náms- og starfsráðgjafar í skólakerfi og

atvinnulífi. Fræðslan fólst í því hvernig megi auka persónulegan styrk þátttakanda, áhrif og samskiptafærni á vinnustað.

9. september: Uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf

Hin árlega uppskeruhátíð meistaranema er samstarfsverkefni náms í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa. Hátíðin, sem bar yfirskriftina *Nýir tímar – njótum mannauðs*, var haldin í Námunni í Endurmenntun HÍ og var jafnframt send út með fjarfundabúnaði. Tilgangurinn með slíkri uppskeruhátíð er að gefa meistaranemum tækifæri til að kynna niðurstöður rannsókna sinna og lokaverkefni. Að þessu sinni kynntu níu náms- og starfsráðgjafar rannsóknir sínar.

28. september: Endurskoðun náms í náms- og starfsráðgjöf með áherslu á starfsþjálfun á vettvangi

Nám í náms- og starfsráðgjöf - breytt námsskipan. Ingveldur Sveinbjörnsdóttir náms- og starfsráðgjafi sem var fulltrúi FNS í vinnuhópi um eflingu starfsþjálfunar kynnti þær breytingar sem komu fram í áfangaskýrslu um endurskoðun námsins. Á eftir urðu fjórlegar umræður og var í lok fundar samþykkt ályktun. Fundurinn var haldinn í Þjóðarbókhöðunni.

20. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Að venju var dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur 20. október með námsstefnu. Að þessu sinni fór dagskráin fram á Radisson SAS Hótel Sögu í Reykjavík og var einnig send út með fjarfundabúnaði. Björg Kristjánsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa, setti ráðstefnuna og Arnór Guðmundsson skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu flutti stutt ávarp.

Aðalfyrirlesari var Jean Guichard prófessor í sálfræði við Institut National d'Etude du Travail et d'Orientation Professionnelle í París, Frakklandi, sem talaði um hugsmíðahyggju og náms- og starfsráðgjöf og kynnti Dapp-aðferðir, sem byggja á að geta greint störf og persónulegar áætlanir. Einnig komu fyrirlesarar frá Noregi sem fræddu okkur um náms- og starfsráðgjöf í Noregi. Það voru Inga Andreassen fagstjóri ráðgjafamenntunar við Høgskolen í Bergen og Torild Schulstock fagstjóri ráðgjafamenntunar við Høgskolen í Lillehammer.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og Guðrún Birna Kjartansdóttir náms- og starfsráðgjafi kynntu Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SAENS) en Guðrún Birna er jafnframt verkefnastjóri setursins. Um er að ræða samráðs- og þróunarvettvang í náms- og starfsráðgjöf og mun SAENS sinna stefnumótun í samvinnu við ráðuneyti og hagsmunaaðila. Setrið mun einnig taka að sér rannsóknar- og þróunarverkefni, innlend sem erlend.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar og hafði áður verið óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Ágústa Ingþórsdóttir, fyrrverandi formaður FNS, fékk viðurkenninguna en hún hafði m.a. barist ötullega fyrir löggildingu starfsheitisins sem loks varð að veruleika í mars 2009.

19. nóvember: Fræðslufundur um ADHD

Ingibjörg Karlsdóttir formaður ADHD samtakanna kom og kynnti samtökin og ræddi um mismunandi þarfir nemenda með ADHD. Einnig kom Sigrún Harðardóttir náms- og starfsráðgjafi og sagði frá starfi sínu í Menntaskólanum á Egilsstöðum auk þess sem hún fjallaði um bók sína og Tinnu Halldórsdóttur; *Hámarksárangur í námi með ADHD*. Fundurinn var haldinn í húsnæði Mímis símenntunar í Skeifunni 8 og var hann mjög vel sóttur. Voru fundarmenn sammála um að nauðsynlegt væri að fjalla reglulega um þetta efni þar sem það snerti starf allra.

4. desember: Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn í hinu vinalega kennsluhúsnæði Mímis að Öldugötu 23 sem áður var Stýrimannaskólinn. Þar gafst félagsmönnum tækifæri til að hittast yfir léttum veitingum og spjalla saman. Jafnframt komu góðir gestir sem skemmtu með upplestri og söng. Þórarinn Eldjárn rithöfundur las upp úr nýútkominni bók sinni *Alltaf sama sagan* og sex stúlkur úr nokkrum framhaldsskólum sem kalla sig *Las Desperadas* sungu nokkur gullfalleg jólalög.

Mars til apríl: Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa

Haldnir voru fjórir aðskildir fundir fyrir mismunandi skólastig og atvinnulífið.

Á fundunum voru hagsmuna- og fagleg málefni náms- og starfsráðgjafa til umfjöllunar og sáu fagráðin um skipulagningu og dagskrá fundanna.

12. mars: Innritun í framhaldsskóla

Stjórn og fræðslunefnd FNS óskaði eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna breytinga á innritun í framhaldsskóla fyrir næsta skólaár. Ráðuneytið boðaði náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum til fundar í Skriðu, samkomusal HÍ (áður KHÍ) og var hann einnig í fjarfundi. Félagsmenn gátu sent inn fyrirspurnir fyrir fundinn og var leitast við að svara þeim á fundinum.

17. mars: Starfsemi Vinnumálastofnunar. Fræðsla um þjónustu og verkefni á hennar vegum og tengingu við atvinnulífið og menntastofnanir

Ketill G. Józefsson og Margrét Linda Ásgrímsdóttir náms- og starfsráðgjafar á Vinnumálastofnun Suðurnesja sögðu frá starfsemi Vinnumálastofnunar, m.a. frá skrifstofunum sem eru átta talsins víða um landið og hvaða þjónustu þar er að fá. Einnig sögðu þau frá hinu nýja átaksverkefni sem nefnist *Ungt fólk til athafna* en framkvæmd verkefnisins er í höndum Vinnumálastofnunar. Fundurinn var haldinn í húsnæði Vinnumálastofnunar að Engjateigi 9.

22. mars: Starfsþjálfun í endurskoðuðu námi í náms- og starfsráðgjöf

Félag náms- og starfsráðgjafa og námsbraut í náms- og starfsráðgjöf boðuðu sameiginlega til umræðufundar um fyrirkomulag starfsþjálfunar í endurskoðuðu námi og var fundurinn haldinn í Eirbergi við Landspítala og sendur út í fjarfundabúnaði. Frá og með næsta hausti verður námið heildstætt tveggja ára meistaranám og starfsþjálfun verður augin verulega. Gerðir verða stofnanasamningar við þær stofnanir sem taka nema í starfsþjálfun og þegar hefur verið gerður samningur við náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands.

Vettvangsnám fyrir atvinnulífið

Sótt var um styrki vegna vettvangsnáms fyrir atvinnulífið. Styrkir fengust hvorki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu né félagsmálaráðuneytinu.

Vefsíða FNS

Sigrún Garcia Thorarensen hefur haft umsjón með að setja inn fréttir á vefsíðu FNS í vetur.

Það er mikið gleðiefni að geta tilkynnt að ný vefsíða verður opnuð 29. apríl. Ólafur Haraldsson, náms- og starfsráðgjafi við Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, tók að sér að leita tilboða vegna nýrrar heimasíðu og gengið var að tilboði fyrirtækisins *EMSTRUR*.

Það er von okkar að þessi nýja vefsíða verði öflugri og betri miðill þar sem náms- og starfsráðgjafar geti skipst á skoðunum og kynnt þá fjölbreyttu starfsemi sem á sér stað innan stéttarinnar.

Stefnt verður að því að rafræn samskipti félagsmanna færast yfir á heimasíðu félagsins í stað póstlista FNS.

5. Kjara- og hagsmunamál

Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla

Sigríður Bílddal og Sigrún Garcia Thorarensen

Lítið hefur verið að gerast í kjaramálum skólaárið 2009-2010. Talsvert var um fyrirspurnir s.l. haust varðandi hagsmunamál. Margir höfðu samband vegna þess að verið var að minnka stöðugildi og/eða breyta verkefnum vegna sparnaðarráðstafna sveitarfélaganna.

Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla

Anna Guðrún Hugadóttir í FG og Guðrún Helgadóttir í MK starfa nú með samninganefnd FF fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa og hafa gert frá aðalfundi FNS 2008.

Fundað er að jafnaði á tveggja vikna fresti í samninganefndinni og oftast ef þurfa þykir. Allar aðstæður og áform um launapróun og framgang í launamálum eru breyttar frá því sem áætlað var vegna bankahruns og kreppu. Með lögverndun er staða okkar mun betri en áður og gefur stéttinni nýja möguleika. Efnahagshrun setur hins vegar strik í reikninginn og hefur aðallega verið unnið að því að verja kjör stéttarinnar. Óvissa er nú um marga þætti í efnahagsmálum og róðurinn erfiðari en áður. Sparnaður og aðhald í skólum gerir það að verkum að svigrúm til sóknar er ekkert og kraftar nefndarinnar hafa farið í að standa vörð um að störfum sé ekki bætt á starfsmenn svo sem vinna við nýja námskrá eða óhóflegur fjöldi nemenda í hópum.

Náms- og starfsráðgjafar eiga æ minna sameiginlegt með kennurum í launabaráttu þar sem störfin eru ólík að uppbyggingu og vinnutími skilgreindur með ólíkum hætti. Eins er viðvera á vinnustað og annað ólíkt. Náms- og starfsráðgjafar eru mun nær stjórnendum í allri starfstilhögun og þarf að athuga hvort hag okkar framhaldsskólaráðgjafa er ekki betur borgið í félagi stjórnenda ef við yrðum samþykkt þar inn.

6. Félagatal og félagsaðild FNS

Í vetur hefur Ólafur Haraldsson í varastjórn FNS haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú 310. 217 hafa lokið námi frá HÍ, 15 hafa lokið námi erlendis, neman eru 26, önnur menntun eða ekki gefið upp 52, samtals 310. Áfram er stefnt að því að uppfæra félagatalið þannig að hægt verði að kortleggja sérþekkingu félagsmanna. Markmiðið með slíkri kortlagningu er að varpa enn betur ljósi á fagþekkingu félagsmanna og að auðvelda stjórn að leita til félagsmanna þegar þörf er á frekari upplýsingum varðandi málefni sem á borð berast.

7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2009 er byggður á bókhaldi félagsins.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

8. Styrkir til FNS

Stjórn Verkefna- og Námsstyrkjasjóðs KÍ veitti FNS 50 þúsund króna styrk v/námskeiðsins ... *Hvernig má tryggja gæði...* Einnig fékkst úr sama sjóði 50 þúsund króna styrkur v/ráðstefnu í raunfærnimati.

Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 150.000.- vegna námskeiðsins *Að auka áhrif sín og árangur*, að Flúðum 22. maí 2009. Endurmenntun Háskóla Íslands veitti einnig styrk til námskeiðsins á Flúðum að upphæð 137 þúsund.

Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 174.000.- fyrir *Dag náms- og starfsráðgjafa* 20. október 2009.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tvennum mánaðarlaunum samkvæmt eldri launaflokki B09, 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt umsögnum um námsefnisgerð.

Öllum þessum aðilum eru færðar kærar þakkir.

9. Norrænt samstarf

Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa

Frá Ólöfu Helgu Þór

Fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn norrænna náms- og starfsráðgjafa NFSY er Ólöf Helga Þór, náms- og starfsráðgjafi, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti. Hlutverk fulltrúa er að mæta á aðalfundi hjá félaginu og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Aðalfundur NFSY, norræns félags náms- og starfsráðgjafa, var haldinn 24.–25. apríl 2009 í Kaupmannahöfn. Fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Danmerkur og Finnlands voru mættir á fundinn ásamt aukafulltrúum frá Færeyjum og Grænlandi. Á fundinum var farið yfir skýrslu stjórnar, skýrslur frá hverju aðildarlandi kynntar ásamt því að reikningar félagsins voru lagðir fram.

Rúmlega fimm þúsund félagsmenn eru í heildarsamtökum náms- og starfsráðgjafa á Norðurlöndunum og er hlutverk fulltrúa hvers lands að gera grein fyrir störfum síns félags á liðnu ári. Það var mikið gleðiefni að vera fulltrúi Íslands og gera grein fyrir lögvernduninni, sem fundarmenn fögnuðu mjög og töldu þennan áfanga okkar veita félagsmönnum á öllum Norðurlöndunum stuðning.

Ákveðið var að halda áfram með Dag Náms- og starfsráðgjafa í októbermánuði og skiptast á tímaritum norrænu félaganna.

Töluverður tími fundarins fór í að ræða stuðning NSFY við náms- og starfsráðgjafa á Grænlandi. Ákveðið var að danska stjórnin leitaði leiða við að stuðla að málþingi á Grænlandi haustið 2010. Síðar kom í ljós að kostnaður við slíka ferð var of mikill og fóru fulltrúar frá Íslandi (Ólöf Helga Þór NFSY og Anna Sigurðardóttir fulltrúi NVL) á vinnufund í Stokkhólmi 12.-13. nóvember. Þar var ákveðið að halda málþingið á Íslandi haustið 2010.

Aðalfundur var haldinn á netinu 11.-13. febrúar og verður framhaldsaðalfundur haldinn í Keflavík í haust.

10. Umsagnir

Mennta- og menningarmálaráðneytið fór þess á leit við FNS að gera umsögn um reglugerð um matsnefnd náms- og starfsráðgjafa.

Einnig fór mennta- og menningarmálaráðneytið þess á leit við FNS að fá umsögn við fjórar umsóknir vegna úthlutunar úr þróunarsjóði námsgagna.

11. Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga

Á þessu starfsári hefur Alþingi beiðið Félag náms- og starfsráðgjafa að senda umsagnir um tvö frumvörp til laga. Stjórn FNS hefur sent frá sér umsagnir til menntamálanefndar Alþingis um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vestnorræn nemendaskipti milli menntastofnana á framhaldsskólastigi

Allar umsagnir um málin birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni *Innsend erindi* á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

12. Nokkur orð um SAENS

Frá Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur verkefnastjóra.

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SAENS) var stofnsett sumarið 2009. Á setrinu er áhersla lögð á að veita sérfræðiaðstoð um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og einnig er lögð áhersla á rannsóknir sem tengjast náms- og starfsráðgjöf alla ævi.

Eitt helsta verkefni SAENS, á fyrsta starfsári setursins, var unnið í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ísland er þátttakandi í samstarfsneti um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf (European Lifelong Guidance Policy Network, ELGPN) og leiðir þar vinnuhóp um aðgengi ásamt Frökkum. SAENS tók að sér framkvæmdarhluta verkefnisins og má þar helst nefna vinnslu SVÓT greiningar á stöðu náms- og starfsráðgjafar, kynningar á ELGPN og stofnun ráðgjafarnefndar. Þátttaka í þessu verkefni gefur einstakt tækifæri til að safna mikilvægum upplýsingum um aukid aðgengi og aukinn rétt fólks til náms- og starfsráðgjafar. Raunfærnimat og notkun upplýsinga- og samskiptatækni hefur verið meginviðfangsefni vinnuhópsins og koma þar styrkleikar og veikleikar Íslands greinilega í ljós. Við stöndum mjög vel að vígi þegar kemur að raunfærnimati og þróun á því en erum vægast sagt aftarlega þegar kemur að notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf. Samstarf um aðgengi mun halda áfram og vonandi hefur það í för með sér jákvæðar breytingar og þróun á þessu sviði ráðgjafar. Frekari upplýsingar um verkefni tengd ELGPN má finna á heimasíðu setursins www.saens.hi.is.

Í árslok 2009 hlaut Guðbjörg Vilhjálmsdóttir styrk til að vinna að samnorrenni matsrannsókn á sviði náms- og starfsráðgjafar. Sérfræðisetrið leiðir verkefnið sem ber heitið: „Voice of users in promoting quality of guidance services for adults in the nordic countries“. Vinna við það verkefni fer á fullt árið 2010 þar sem gagnasöfnun fer fram á Norðurlöndunum, í rýnihópum og með spurningalístum.

Í stjórn SAENS sitja: Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir stjórnarformaður, Björg Kristjánsdóttir formaður FNS, Jónína Kárdal deildarstjóri NSHÍ og Magnús Árni Magnússon forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

Sérfræðisetrið er með aðstöðu í Gimli, nýrri tengibyggingu Odda og Lögbergs í Háskóla Íslands. Frekari upplýsingar um verkefni og rannsóknir SAENS er að finna á heimasíðu setursins: www.saens.hi.is.

13. FNS-Norðurlandsdeild

Frá Önnu Harðardóttur náms- og starfsráðgjafa, Borgarhólsskóla Húsavík.

1. Í janúar var haldin í námsstefna í VMA fyrir námsráðgjafa undir heitinu: *Sjálfsþing og brotthvarf - Hagnýtar aðferðir*. Það voru Anna Sigurðardóttir, Björg Birgisdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir sem kynntu stuðningskerfi fyrir nemendur í brotthvarfshættu. Voru fundarmenn sammála um mikilvægi þess að fjalla reglulega um þetta efni þar sem það snerti starf allra.
2. Í febrúar var kynningarfundur í Brekkuskóla á Akureyri á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar fór Sölvi Sveinsson yfir helstu atriði varðandi breytingar á innritun í framhaldsskóla fyrir næsta skólaár og svaraði fyrirspurnum fundarmanna sem voru fjölmargar.
3. Námsráðgjafar á Norðurlandi sátu nokkra fjárfundi.
 - ✓ Í september var uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf undir yfirskriftinni *Nýir tímar- njótum mannauðs*. Þar kynntu meistaranemar niðurstöður rannsókna sinna og lokaverkefni.
 - ✓ Í október var *Dagur náms- og starfsráðgjafar* og gátu námsráðgjafar á landsbyggðinni horft og hlustað á fyrirlesara fundarins í gegnum streymibúnað.

- ✓ Í mars var fjarfundur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem þeir boðuðu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum til fundar vegna breytinga á innritun í framhaldsskóla fyrir næsta skólaár.

14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans.

Academia verkefni

Á vefsíðu Evrópumíðstöðvarinnar www.euroguidance.is segir svo: „Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í styttri námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis í viðkomandi landi eða fyrirkomulagi á vinnumarkaði.“

15. Önnur verkefni

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu ásamt því að vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa.

Í maí 2009 tók FNS á móti um 30 Svíum sem hér voru á ferðalagi fyrir milligöngu Ingibjargar Bragadóttur náms- og starfsráðgjafa. Ágústa Elín Ingbórsdóttir tók á móti þeim í Borgarholtsskóla og síðan var þeim boðið til teitis í húsi endurmenntunarstofnunar Mímis, í boði FNS.

Formanni FNS var boðið til fundar samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum í október 2009.

Formanni FNS var boðið á formannanámskeið samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskóla í apríl 2010.

Félagsmenn í FNS hafa tekið aukinn þátt í sjálfbodastarfi og sýnt frumkvæði í að kynna starf og framlag náms- og starfsráðgjafar. Þar ber helst að nefna eftirfarandi verkefni:

NÝTTU KRAFTINN

Sigríður Snævarr sendiherra og María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa mótað hugmyndafræðina *NÝTTU KRAFTINN* sem miðar að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á áhugasviðspróf. Verkefnið *NÝTTU KRAFTINN* hefur það að markmiði að hvetja þátttakendur til að nýta kraftinn sem í hverjum og einum býr til að gera sig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni.

Virkjun mannaúðs á Reykjanesi

Virkjun mannaúðs á Reykjanesi hóf starfsemi sína 15. janúar 2009 á Keflavíkurflugvelli. Hugmyndin að baki verkefninu er að byggja upp starfsemi fyrir íbúa á Reykjanesi sem leita nýrra

tækifæra í atvinnu eða námi. Þá er *Virkjun* ekki síður staður þar sem einstaklingar geta komið saman, hitt nýtt fólk og kynnst því starfi sem er í gangi hverju sinni.

Almenningi er boðið að koma og nýta sér þá fjölbreyttu þjónustu sem þar er í boði. Markmiðið er að þar finni flestir eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða ráðgjöf eða aðstoð við stofnun sprotafyrirtækja. Jafnframt er aðstaða fyrir námstengd verkefni, fyrirlestra, námskeið, kynningar og tómsundaverkefni.

Náms- og starfsráðgjafar hafa verið með fasta viðveru í *Virkjun*.

Ungt fólk til athafna - fyrir unga fólk og framtíðina

Átakið *Ungt fólk til athafna* sem var nýlega ýtt úr vör af félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur það að markmiði sínu að aldrei skuli líða meira en þrjú mánuðir frá því að einstaklingur á aldrinum 18-24 ára verði atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verðugum verkefnum.

Það er Hrafnhildur Tómasdóttir náms- og starfsráðgjafi sem hefur yfirumsjón með verkefninu af hálfu Vinnumálastofnunar.

Lokaorð

Starfsemi FNS hefur verið fjölbreytt og viðburðarík eins og undanfarin ár.

Lögverndun á heiti náms- og starfsráðgjafa tók gildi 3. apríl 2009. Barátta Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir lögverndun starfsheitisins hafði staðið um árabil og því var ljóst að einum stærsta áfanga í sögu náms- og starfsráðgjafar hér á landi hefur verið náð. Neikvæð umræða á netinu hefur orðið til þess að ekki hafa allir sem uppfylla menntunarskilyrði sótt um leyfisbréfið. Það er miður og varpar skugga á þessa löngu baráttu. Ég hvet alla sem uppfylla þessi skilyrði að sameinast um að sækja um leyfisbréf sem fyrst því það er nauðsynlegt að við nýtum okkur þetta einstaka tækifæri sem okkur hefur verið gefið með nýjum lögum.

Íslenskt þjóðfélag er í miklum vanda og fjárhagsvandamál heimilanna mikil. Náttúruöfl skekja og allan heiminn og höfum við Íslendingar ekki farið varhluta af því. Erfiðleikar í íslensku þjóðfélagi kalla enn frekar á eflingu náms- og starfsráðgjafar bæði innan og utan skólakerfisins. Nauðsynlegt er að við stöndum saman sem fagstétt því þörf fyrir sérþekkingu okkar hefur sjaldan verið meiri en nú. Öflug náms- og starfsráðgjöf gefur tækifæri til að vinna markvisst fyrirbyggjandi starf sem felst í því að liðsinna einstaklingum við að finna hæfileikum sínum farveg við hæfi og leita leiða ef vandi kemur upp í námi og starfi.

Fyrir mig, sem hef lítið tekið þátt í félagsmálum og aldrei verið í formennsku í félagi fyrr, hefur þetta verið viðburðaríkt og lærdómsríkt ár. En allt er hægt með góðu baklandi og ég vil því þakka sérstaklega meðstjórnendum mínum og fræðslunefnd fyrir gott samstarf og öllum þeim sem hafa starfað í öðrum nefndum og fagraðum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Reykjavík, 29.apríl 2010

Björg Kristjánsdóttir formaður
